

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprílmánuði 1991.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprílmánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: | Innborgun 5,0% |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 5,0% |
| 3. Afurðir hörpudiskdeildar: | Innborgun 1,0% |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1991.

Halldór Ásgrímsson.

Jón B. Jónasson.

22. mars 1991

REGLUGERÐ

Nr. 137

um breytingar á reglugerð nr. 162, 4. apríl 1990, um námskeið fyrir löggilta vigtarmenn.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig: Fram til 1. október 1991 er Löggildingarstofunni heimilt að veita starfandi löggiltum vigtarmönnum undanþágu til þess að starfa sem slíkir hafi þeir eigi átt þess kost að komast á námskeið í samræmi við framangreind ákvæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 60, 3. nóvember 1915 um löggilta vigtarmenn til þess að öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 22. mars 1991.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

22. mars 1991

AUGLÝSING

Nr. 138

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi 1. apríl 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 518, 20. desember 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2,7%

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 505, 21. desember 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2,7%

Iðnaðarráðuneytið, 22. mars 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.